



Horísinn stóð upp úr á Ísdeginum

Samkvæmt hefðinni var Ísdagur Kjörís haldinn hátíðlegur á Blómstrandi dögum í Hveragerði um liðna helgi. Á ísdeginum gefst gestum tækifæri á að smakka ýmsar tegundir af ís sem rata ekki í verslanir. Blaðamaður Dagskrárinnar var á svæðinu og tók það á sig að smakka allar þær gerðir sem í boði voru. Sumir isarnir komu mjög skemmtilega á óvart og má þá meðal annars nefna Horísinn. Ekkert hor var notað við gerð íssins, heldur grænn vanilluís með sykurpúðum og karmellúsósu sem líktist þessum ógirnilega líkamsvessa óumdeilanlega en bragðið bætti það upp.

Arnar Helgi valinn á heimsmeistaramót

Landsliðsþjálfari Judosambands Íslands hefur valið Arnar Helga Arnarsson frá Judofélagi Suðurlands, til þess að keppa fyrir Íslands hönd á heimsmeistaramóti ungmenna undir 18 ára í Zagreb Króatíu um næstu helgi.

„Arnar er efnilegur íþróttamaður. Hann hefur undirbúið sig vel og æft tvisvar á dag í

allt sumar, auk þess sem hann er ný kominn heim eftir 3 vikna æfingabúðir í Grikklandi, undir umsjón George Buntakis, þjálfara Judofélags Suðurlands,“ segir í tilkynningu frá Judofélagi Suðurlands.



Stöng í Þjórsárdal.

Rúmun milljarði varið í uppbyggingu innviða á Suðurlandi

Rúmun milljarði króna verður varið í uppbyggingu friðlýstra svæða á Suðurlandi á næstu þremur árum samkvæmt nýrri verkefnaáætlun Landsáætlunar. Um 70% fjármagnsins fer í Gullna hringinn vegna

aukinnar umferðar og aukins straums ferðamanna til landsins síðustu ár. Bráðaaðgerðir og viðbragð verða í forgangi en sex stofnanir standa fyrir uppbyggingunni, m.a. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Nánar á DFS.is



Athafnamaðurinn með barnshjartað

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi fyrirtæki



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíðaðflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)



AÐALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996



Við bjóðum upp á
gott kaffi
á meðan þú bíður

Óskað er eftir tilnefningum til hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi 2023

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga (SASS) óska eftir tilnefningum til samfélags- og hvatningarverðlauna á sviði menningarmála á Suðurlandi. Frestur til tilnefninga er til miðnætis mánudagsins 9. október nk. og þær skal senda á netfangið: menningarverdlaun@sass.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun sem nýtt verða til áframhaldandi menningarstarfs á Suðurlandi. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA



Skora á orkufyrirtækin að færa höfuðstöðvarnar nær vinnslustöðvum

Á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem haldinn var þann 16. ágúst 2023, var samþykkt áskorun sem beinist að ríkisstjórninni, Landsvirkjun, Landsneti og Rarik, með það að markmiði að endurskoða staðsetningu höfuðstöðva stærstu orkufyrirtækjanna á Íslandi. Áskorunin, sem berst frá sveitarstjórninni, felst í því að flytja orkuvinnslu og tengdri starfsemi, til suðurlands, þar sem stærsti hluti raforkuframleiðslu landsins á sér stað.

Í tilkynningu frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi segir að orkuvinnsla á Íslandi eigi sér stað að megninu til á landsbyggðinni. En að sú stefna sem rekin hafi verið í uppbyggingu raforku-

kerfisins á Íslandi að hafa höfuðstöðvar stærstu orkufyrirtækja landsins allar á höfuðborgarsvæðinu, þrátt fyrir að engin orkuvinnsla eigi sér stað þar gangi ekki lengur.

„Landsvirkjun er stærsti framleiðandi rafmagns á Íslandi og í eigu ríkisins. Landsnet er með sérleyfi um flutning á öllu rafmagni á Íslandi og er í eigu ríkisins. Rarik sér um dreifingu á rafmagni á landsbyggðinni og er í eigu ríkisins. Verðmætasköpun og starfsemi þessara fyrirtækja á sér stað á landsbyggðinni en stór hluti starfanna eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu, þá sérstaklega verðmætustu störfín,“ segir í áskoruninni.

Þá er bent á að orkuskiptin séu framundan, með tilheyrandi

stækkun raforkukerfisins á Íslandi. Sú uppbygging komi til með að fjölga störfum verulega og skapa jarðveg fyrir fjölmörg tækifæri og mikla nýsköpun tengt grænni orku.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur lagt áherslu á að áskorunin sé í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að stuðla að byggðabróun og valfrelsi í búsetu, með því að einskorða starfsemi fyrirtækjanna ekki aðeins við höfuðborgarsvæðið. Áskorunin leggur einnig áherslu á þörfina fyrir styttri leiðir milli starfsstöðva og klasasamstarf, sem og styrkingu þekkingarmiðstöðva og rannsóknarsetra á landsbyggðinni.

HGL

Frábær þátttaka í Snjalla – ratleiknum

Sveitarfélagið Ölfus stóð fyrir „snjöllum“ ratleik í Skrudgarðinum í Þorlákshöfn í sumar. Stig fengust fyrir að finna græna dreka sem birtust á korti í snjalltækjum þátttakenda og svara spurningum sem birtust á bakvið þá á sem skemmstum tíma.

Leikurinn var opinn frá 17. júní til 15. ágúst og tóku vel á annað hundrað börn og fullorðnir þátt í 47 liðum leiksins. Tilgangur leiksins var meðal annars til að auka útivist og samveru fjölskyldunnar og virðist það hafa heppnast afar vel.

Í tilkynningu frá Ölfusi



segir að þau taki fegin á móti hugmyndum um fleiri útivistarverkefnum sem tengjast lýðheilsu og útivist.

Vinningshóparnir sem voru með flest svör á stýðstum tíma voru liðin Já, Hjartarós og Team Malmquist.

Heimsóknartími á HSU lengdur

Frá og með þriðjudeginum 22. ágúst mun heimsóknartími á Lyflækningadeild á Selfossi lengjast og verður frá 14-20 alla daga vikunnar, segir í tilkynningu frá HSU.

Sem fyrr eru einstaklingar með grun um veikindi beðnir um að forðast heimsóknir og er gestum sem vilja heimsækja sjúklinga utan heimsóknartíma bent á að tala við vaktstjóra á deildinni.



lindex.is

Klár í skólann?

LINDEX



Árnessýsla án sjúkrabíls í 46 tíma

Ísumar, líkt og áður, er fólk á faraldsfæti um landið. Margir velja að elta sólina og njóta alls þess sem fallega landið okkar hefur uppá að bjóða. Fjöldi fólks kys að njóta sumardaganna í sumarbústað eða á tjaldsvæðum víða um land. Þessu fylgir að mörg landsvæði verða mun fjölmennari yfir sumarmánuðina en almennt er aðra mánuði ársins.

Árnessýslan er álagspunktur

Í Árnessýslu eru átta sveitarfélög og nær landsvæði þess frá Þjórsá í austri til Hellisheiðar í vestri. Á þessu svæði búa um 21 þúsund manns allt árið um kring. Margir vinsælustu ferðamannastaðir landsins eru í Árnessýslu og er áætlað að 80% ferðamanna sem komi til landsins heimsæki þá. Ekki má heldur gleyma sumarbústöðunum sem eru vel yfir fimm þúsund talsins. Það má því ætla að fólksfjöldi á svæðinu tvöfaldist þegar mest lætur og verði yfir 40 þúsunda manns. Þegar veðrið er gott líkt og hefur verið í sumar má gera ráð fyrir að þessi mikli fjöldi fólks sé í umdæmi Árnessýslu í margar vikur.

Fyrir allan þennan fjölda standa aðeins fimm sjúkraflutningamenn vaktina hverju sinni eða tvær áhafnir á tvo sjúkrabíla, ásamt einum varðstjóra til stuðnings og eru áhafnirnar staðsettar á starfsstöð Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) á Selfossi. Það má velja því fyrir sér hvort að sá mannskapur sé nægur til að sinna öllum mannfjöldanum á svæðinu og hvort að eðlilegt sé að hann sé allur staðsettur á Selfossi?

Tvöföldun á fjölda útkalla í Árnessýslu

Frá 2007 hafa verið tveir fullmannaðir sjúkrabílar á sólarhringsvakt í Árnessýslu. Þá var íbúafjöldi 14.400 og fjöldi ferðamanna ekki nálægt því sem hann er í dag. Útköllum hefur fjölgað mikið á undanföllum

árum. Sem dæmi voru þau alls 1.656 árið 2011, 2.259 árið 2015 og 3.431 árið 2022. Þetta er meira en tvöföldun útkalla á ellefu árum en ennþá eru bara tveir fullmannaðir sjúkrabílar í allri sýslunni. Fyrstu sjö mánuði þessa árs hafa verið 2.144 útköll sem er aukning, samanborið við árið í fyrra. Það sem er þó mest sláandi er að í júní voru útköll umfram mannaða bíla, 46 klukkustundir. Það þýðir að í 46 klukkustundir var ekki hægt að kalla á aðstoð þar sem ekki var mannaður sjúkrabíll til staðar. Þetta er því miður ekki í fyrsta skipti.

Ef horft er í íbúafjölda Árnessýslu má sjá að 85% íbúa eru í innan við 15 mínútna akstri fyrir sjúkrabíl. Ef útkall kemur úr uppsveitum Árnessýslu getur viðbragðstíminn verið mun lengri eða allt að 40 mínútur. Á því svæði eru einmitt stærstu tjaldsvæðin, sumarhúsabyggðir og fjölförnustu ferðamannastaðir landsins. Í dag og í raun frá árinu 2011 hefur sjúkrabíll þó ekki verið fyrsta viðbragðið í uppsveitum ef upp kemur alvarlegt slys. Frá árinu 2011 hefur verið í gildi samningur við Björgunarfélagið Eyvind á Flúðum um vettvangshjálp. Samningurinn felur í sér að Bf. Eyvindur hefur til taks hóp vettvangsliða sem getur brugðist við ef HSU óskar eftir aðstoð. Sjálfboðaliðar sinna því oft fyrsta viðbragði í alvarlegum útköllum, því miður er þó aldrei öruggt að einhver úr hóp sjálfboðaliða geti mætt á vettvang til að sinna sjúklingi þar til sjúkrabíll kemur á staðinn.

Einn sjúkrabíll á vakt í lengri tíma

Með aukningu innlendra og erlenda ferðamanna hefur útköllum fjölgað jafn og þétt og er tímalengd hvers útkalls mjög breytileg. Sjúkraflutningar þurfa jafnvel að fara í útköll inn á hálendi, t.d. í Kerlingarfjöll og á aftrétti en útköll þangað taka að

Sveinn Ægir Birgisson,

bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Sveitarfélaginu Árborg



lágmarki 3 tíma og er þá aðeins einn sjúkrabíll á vakt fyrir allt svæði Árnessýslu í önnur útköll. Í Rangárvallasýslu er svo einn sjúkrabíll á vakt og fari hann í útkall til Reykjavíkur eða inn á hálendi stendur starfsstöðin á Selfossi vaktina fyrir Rangárvallasýslu á meðan í viðbót við Árnessýsluna.

Hugsa nýjar leiðir

Þingvallarþjóðgarður ákvað að fara nýjar leiðir til að tryggja öryggi gesta í þjóðgarðinum. Stofnunin gerði samning við HSU um að staðsettur væri bráðaliði með ökutæki og viðeigandi búnað til að sinna fyrsta viðbragði á svæðinu. Þessi lausn léttir töluvert undir sjúkraflutningum þó þeir verði að bragðast við og sækja sjúkling þegar um alvarlegt atvik er að ræða. Sjúklingur hefur á meðan fengið skjót og fagleg viðbrögð frá sérfræðingi sem getur undirbúið hann fyrir flutning.

Ljóst er að mikið álag er á sjúkraflutningum í Árnessýslu. Yfirvöld þurfa að bregðast hratt við og að tryggja að sjúkraflutningar geti bæði brugðist skjótt við og tryggt að sjúkrabíll sé ávallt til taks á svæðinu þegar þörf er á. Það telst varla boðlegt að biða eftir aðstoð í neyð, í 40 mínútur á fjölförnum stöðum líkt og við Geysi eða Gullfoss. Hvað þá að sjúkrabíll sé ekki til taks í 46 klukkustundir líkt og gerðist í júní sl.

Það er mat undirritaðs að þörf sé á þriðja fullmannaða sjúkrabílnum á svæðinu og prófa leið Þingvallarþjóðgarðs á fleiri stöðum, í stað sjálfboðaliða, til að tryggja styttra viðbragð í neyð.



Sunnlenski matgæðingurinn



Halldór Áskell Stefánsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.



Ég þakka traust frændans frá Hafnafirði. Verst þykir mér þó að sjá hvernig vegir lífs hans hafa lit sínum glatað eftir breytta búsetu. Hér áður fyrr segja menn að ekkert hafi stöðvað drenginn, en nú virðist hann ekki ráða fram úr því að sjóða núðlupakka án aðstoðar. Skrifast þetta líklega á lært hjálparleysi malbiks barna.

Því legg ég hér til rétt sem er í senn einfaldur og bragðgóður. Þessi fleytti mér í gegnum háskólanám hér áður fyrr og kveikti ástriðu á eldamennsku. Treysti ég því að frændi geti fundið sjálfstraustið á ný þrátt fyrir langa fjarveru frá pottum og pönnum.

Réttinn fékk ég frá yngri systir minni í útflutningsgjöf og hef eldað hann 2.346 sinnum síðan (nú síðast í kvöld).

Forréttur

Sækið fjögur carpaccio í Kjöt-búrinu og ræðið á borðið. Þú þarft ekkert að gera, en þú varst að kaupa heimsins besta forrétt. Til hamingju.

Ritzaður Mexíkani

1 pakki kjúklingabringur
Smá salt/pipar
Smá rifinn ostur
1 pakki ritzkex
Olía

Byrjaðu á því að setja ofninn þinn á 180°C, annars fattar þú það eftir skref 6 og þarft að biða eftir því að hann hitar sig. Við hötum að tapa tíma í eldhúsinu.

Taktu allar bringur og skerðu í tvennt til „þynningar“ – þetta bæði stytir eldunartímann og sér til þess að frændi þinn fær sér ekki 2 bringur og éti þig út á gaddinn.

Maukar Ritz kexið í pokanum og hellir tætlunum í skál.

Hellir svo olíu í aðra skál.

Tekur loks hverja bringu fyrir sig, sekkur í olíu, marg sekkur og kastar í Ritzið. Setur svo vel Ritz húðaða og þynntu bringuna þína í eldfast mót og endurtekur þar til allar bringur eru komnar í mótið.

Gott er að bæta ögn af rústuðu Ritz yfir kjúklinginn í mótinu, strá allt með smá salt og pipar og setja inn í ofn á 180°

Eftir 20 mín getur verið gott að opna og strá yfir rifnum osti, leyfa honum að bráðna og taka svo kjúklinginn út.

Kartöflurnar

Ákveddu hvort þú vilt venjulegar eða sætar kartöflur.

Skerðu kartöflurnar í þunnar sneiðar (ath. Ef sætar þú best að flysja þær þær fyrst)

Skelltu nóg af olíu á pönnu og steiktu sneiðarnar þínar á meðal háum hita.

Skelltu salt og pipar á þær. Þú þarft pottþétt meiri olíu reglulega út á þær og marg snúa þeim svo þær brenni ekki.

Mexíkó-sósan

500 ml matreiðslurjómi
1 mexíkó ostur
Brot af nautateningi (ef þú vilt)

Helltu öllum rjómanum í pott og settu á meðal háan hita. Skerðu allan ostinn í nokkuð litla bita og hentu þeim öllum ofan í pottinn. Hræðu reglulega og leyfðu rjómanum að sjóða svo hún verði þykk. Hægt að bæta smá nautakraft út í fyrir aukið bragð.

Fínt að sjóða einn pakka af hrisgrónum þar sem þau eru frábær með sósunni. Hentu svo í eitthvað dauðeinfalt sallat eins og salatblöndu, vínber og rauðlauk.

Ég treysti því að þessi réttur færi frænda ögn nær beinu brautinni. Hann í það minnsta þarf að sýna sig á Selfossi til að sækja sér forréttinn og kannski man þá eftir rötum sínum.

Talandi um rætur þá veit ég færri með stærra Árborgarahjarta en vinur minn og nágranni hann Ingimar Helgi Finnsson. Meiri „já“ mann er erfitt að finna. Ingimar er svo mikill „já“ maður að hann er nú fastur í átta vinnum og skráir sig samt í allar tómstundir sem hann finnur. Minningartexti var einmitt ritaður um hann eftir 0% skráða mætingu síðasta vor þrátt fyrir fögur fyrirheit: „Dagfarsprúður með einsdæmum, fimur með knöttinn þegar hann mætir. Fjarveran sterk í ár, ungur og hress en með bakstyrk á við marglyttu. Þú vilt hann við hlið þér þrátt fyrir veikleika.“

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.

Bladaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Þetta er hrösun, svik og synd, svo er skrokkur hér af kind. Mikið straumvatn er mín á, oft ég það á pilsí sá.

Svar við gátu í blaði 2714: **KÚLA**
1. Byssukúla - 2. Kúla í mjaðmartíð
4. Golfkúla



VINNUPALLAR

- ÖRUGGAR LAUSNIR -



Sjáumst á lőnaðarsýningunni í Laugardalshöll
dagana 31. ágúst - 2. september

Vinnupallar ehf. - Vagnhöfða 7 - s. 787 9933 - vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is



SÖLUMAÐUR Í VERSLUN OKKAR Á SELFOSSI ÓSKAST

Við leitum að metnaðarfullum einstakling í fullt starf í litríkri sérvörslun okkar á Selfossi.

Starfið felst í sölu og þjónustu við viðskiptavinum ásamt almennum verslunarstörfum.

Góð þekking á málningarvörum/vinnu er kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Ragnar Hólm Gíslason verslunarstjóri Selfossi,
netfang: ragnar@slippfelagid.is, s: 482 2750.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á
ragnar@slippfelagid.is.

Umsóknarfrestur er til 1. september 2023.

Slippfélagið
Austurvegi 58
Selfossi
S: 482 2750
slippfelagid.is



Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is



Frá vinstri: Sólveig Kolbrún Pálsdóttir, Markaðs- og kynningarstjóri Ljósins, Heiða Eiríksdóttir, vef- og kynningamál hjá Ljósínu, Erna Magnúsdóttir, framkvæmdastýra Ljósins, Helga Dís Jakobsdóttir, markaðs- og upplifunarstjóri Nettó og Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri verslunar- og mannaúðssviðs Samkaupa. Ljósmynd: Aðsend.

VERKEFNASTJÓRI Í MARKAÐSTEYMI



Markaðsstofa
Suðurlands

Markaðsstofa Suðurlands leitar að metnaðarfullum og drifandi aðila til að vinna að markaðsmálum áfangastaðarins Suðurlands í samræmi við stefnu. Viðkomandi kemur að fjölmörgum og krefjandi verkefnum og verður hluti af skemmtilegum vinnustað.

Helstu verkefni

- Umsjón, þátttaka og eftirfylgni með markaðs- og kynningarmálum
- Miðlun upplýsinga og samskipti við hagsmunaaðila
- Ráðgjöf til fyrirtækja og sveitarfélaga

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á markaðsmálum og mörkun
- Reynsla af greiningum, áætlanagerð, og eftirfylgni
- Góð þekking á samfélagsmiðlum og stafrænni markaðssetningu
- Frumkvæði, hugmyndaauðgi en um leið nákvæmni í vinnubrögðum
- Lipurð og færni í samskiptum
- Tæknileg nálgun og hæfni
- Mjög góð færni í íslensku og ensku
- Þekking á ferðaþjónustu og landshlutanum mikilvægur
- Búseta á Suðurlandi skilyrði
- Starfið krefst ferðalaga, sjálfstæðra vinnubragða og sveigjanlegs vinnutíma

Umsóknir sendist í gegnum [umsóknarvef Alfreds](https://umsoknarvef.alfreds.is). Upplýsingar veitir framkvæmdastjóri, Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, ragnhildur@south.is og í síma 560-2050.



Nettó safnar 5 milljónum fyrir Ljósíð

Samstarfsverkefni Nettó og Ljósins hefur skilað 5 milljónum króna sem renna nú óskipt til endurhæfingar fólks sem greinist með krabbamein. Söfnunarátakinu var formlega hleypt af stokkunum 1. júlí sl. með sölu á taupokum og spila-stokkum í verslunum Nettó, skreyttum verkinu Keramik sem Þorvaldur Jónsson málaði fyrir Ljósíð. Þessu til viðbótar runnu 25% af söluandvirði Nice & Soft salernispappírs frá Coop til átaksins á söfnunartímabilinu.

Í tilkynningu frá Nettó segir að markmið verkefnisins hafi verið að vekja athygli á mikilvægi endurhæfingar krabbameinsgreindra og á sama tíma safna fyrir Ljósíð.

„Við erum mjög ánægð að hafa fundið jafn öflugan samstarfsaðila og Nettó til að leggja með okkur grunn að vitundarvakningu og taka þátt í fjáröflun fyrir nýju húsnæði fyrir Ljósíð. Þá var skemmtilegt að listaverkið sem prýddi pokana vísaði í keramikgerð en auk æfinga með sjúkráþjálfurum og iðjuþjálfum er hægt að spreyta sig á ýmiss konar handiðni í Ljósínu,“ segir Sólveig Kolbrún Pálsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri Ljósins.

„Við erum þakklát fyrir

samstarfið við Nettó og verður ágóði samstarfsins ómetanlegur fyrir fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þess sem nýta sér þjónustu okkar,“ bætir Sólveig við.

Júlí er mánuður Ljósins í Nettó

Helga Dís Jakobsdóttir, markaðs- og upplifunarstjóri Nettó, segir söfnunina hafa farið fram úr björtustu vonum. Hún segir stefnt að því að héðan í frá verði júlí mánuður Ljósins með árlegu styrktarátaki.

„Allir einstaklingar sem greinast með krabbamein eiga rétt á þjónustu Ljósins, sama hvar þeir búa á landinu. Því fannst okkur í Nettó tilvalið að nota matvöruverslanir okkar, sem eru staðsettar um land allt, sem vettvang til að vekja athygli á Ljósínu og koma vörum á framfæri,“

Nettó vinnur markvisst eftir samfélagsstefnu Samkaupa þar sem löggö er mikil áhersla á samfélagslega ábyrgð og fyrirtækið hefur mikinn metnað til að vera traustur og virkur þátttakandi í samfélaginu. Árlega styrkir Nettó m.a. verkefni á sviði góðgerðarmála, æskulýðs- og forvarnarstarfa, heilbrigðs lífsstíls og umhverfismála.

Leikfélag Rangæinga fær styrk úr Menningarsjóði Rangárþings ytra

Um síðustu helgi var í fyrsta sinn úthlutað úr Menningarsjóði Rangárþings ytra sem komið var á fót á þessu ári. Markmið sjóðsins er að efla og styrkja menningarstarf í sveitarfélaginu. Að þessu sinni var það

Leikfélag Rangæinga sem fékk úthlutað 250.000 kr. Markmið Leikfélags Rangæinga er að setja upp leiksýningu á komandi vetri og mun það svo sannarlega verða lyftistöng fyrir menningarstarf í sveitarfélaginu.



Við úthlutun f.v. Margrét Einarisdóttir, formaður ásamt stjórnarmönnum Jóni Sigurðssyni og Gunnsteini Sigurðssyni.

100% RAFMAGN

Ehjól

Mangosteen M8

Létt bifhjól í flokki 2
45km hámarks hraði
Allt að 70km drægni

560.000kr

Mangosteen M1

Létt bifhjól í flokki 2
45km hámarks hraði
Allt að 70km drægni

550.000kr

565.000kr

Vigorous rafs skutlur. Allt að 40km drægni

685.000kr

25kmh Hámarks hraði

730.000kr

Ehjol.is - ehjol@ehjol.is - S:555-0595 - Hrísmýri 5 - 800 Selfoss

Lítum okkur nær í Árborg okkar allra

Ópið bréf til Fjólu St. Kristinsdóttur, bæjarstjóra Árborgar og Braga Bjarnasonar, formanns bæjarráðs Árborgar.

Áskorun til sveitarstjórnar Árborgar um að endurskoða ákvörðun um lokun á sundlauginni á Stokkseyri og hvatning um að gæta að farsæld barna óháð búsetu innan sveitarfélagsins.

Sundlaugin á Stokkseyri hefur gengt hlutverki félagsmiðstöðvar og heilsulindar frá opnun hennar árið 1993 og má líta á sem nokkurs konar lífæð þorsins. Í hana mætir fólk á öllum aldri til að næra andlega- félagslega- og líkamlega heilsu sína auk þess sem einni af grunnþörfum manneskjunar, „að tilheyra samfélagi“ er mætt. Það er eftirspurn eftir lengri opnunartíma. Fólk vill geta nært sig utan um þær skorður sem þeim eru settar en sættir sig þó við þann tíma sem þeim er gefið þar sem ávinningurinn er þeim dýrmætur. Það er nefnilega ekki sjálfgefið að hafa aðgang að lítilli, fjöldkylduvænni sundlaug í nánasta umhverfi.

Ákvörðun sveitarfélagsins um að skerða opnunartíma sundlaugarinnar enn frekar í sparnaðarskyni og svo loka henni fjóra mánuði yfir vetrartíman er því eins og blóðtaka fyrir samfélagið. Það er skorið

á lífæðina í dimmasta skammdeginu. Tækifæri til aukinnar heilsuefingar í allri sinni mynd er sett í umslag og ofan í skúffu bæjarstjórnar í þeim tilgangi að spara. En hver er sparnaðurinn? Fastagestir laugarinnar, Stokks-eyringar, Eyrbekkingar, Sel-fýssingar, fólk úr Tjarnabyggð og Flóa, myndi gjarnan vilja fá útskýringu á því. Sveitastjórnin hefur staðið sig ágætlega í að halda úti gegnsærri stjórnsýslu í þeim tilgangi að halda íbúum upplýstum, en nú mætti gera ögn betur. Margar spurningar brenna á fólki við ströndina og eftir samtal við fjölmarga beini ég nokkrum fram í von um góð og rökstudd svör:

1. Hver er sparnaðurinn við lokun sundlaugarinnar á Stokks-eyri?
2. Hvernig ætlar sveitarstjórnin að stuðla að auknum tækifærum til heilsuefingar fyrir íbúa á Eyrbakka og Stokks-eyri í vetur?
3. Einmannaleiki, kvíði og þunglyndi er ein helsta ögn í íslensku samfélagi. Hver er forvarnarstefna sveitarfélagsins í þeim málefnum og nær sú stefna jafnt yfir íbúa sveitarfélagsins?
4. Jafnrétti snýst um meira en leiðréttingu á launamun kynjanna. Jafnréttisáætlun Árborgar kemur eingöngu inn á það, enda krefur SÍS sveitar-

félög ekki um neitt annað. Kemur til greina að sveitarfélagið semji nýjan lið innan stefnunnar í þeim tilgangi að standa vörð um jafnrétti íbúa óháð búsetu?

5. Innan sveitarfélagsins starfar fjölskyldusvið sem hefur það sameiginlega markmið að veita börnum og foreldrum gæðaþjónustu í þeim tilgangi að stuðla að farsæld barna. **Fjárfesting til framtíðar.** Ásmundur Einar Daðasona, mennta- og barnamálaráðherra, hefur haft orð á því á opinberum vettvangi hversu öflugt fjölskyldusvið Árborgar er í innleiðingu nýrra farsældarlaga og er það vel. Í því samhengi langar mig að spyrja hvort að sveitarstjórnin telji sig ganga í takt við fjölskyldusvið sitt og hvort hún telji sig stuðla jafnt að farsæld barna innan sveitarfélagsins og þá með hvaða hætti?

6. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er útbreiddasti mannréttindasáttmáli heims og er Ísland eitt þeirra ríkja sem hefur fullgilt sáttmálann og lögfest. Með því tengjumst við mikilvægum böndum við önnur aðildarríki sáttmálans um að stuðla að jöfnum réttindum og velferð allra barna. Hvert aðildarríki skal skila inn skýrslu um hvernig sáttmálanum er framfylgt til sérstakrar Barnaréttarnefndar. Í kjölfarið er fulltrúum stjórnvalda



boðið í fyrirtöku til nefndarinnar þar sem þeim eru kynntar niðurstöður hennar út frá skýrslunni. Í athugasemd sem nefndin gerði við skýrslu ríkisins árið 2011 var ríkið hvatt til að standa vörð um mennta- og heilbrigðiskerfið þar sem áhyggjur þeirra beindust að því að niðurskurður v. efnahagsástandsins myndi bitna á börnum og þá sérstaklega þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu. Við upphaf hag-ræðingartímabils sveitarstjórnar Árborgar nú í ár nefnduð þið að ekki ætti að skerða grunnþjónustu, sérstaklega þar sem börn eru annars vegar. Til allrar hamingju eru öflugir stjórnendur innan fjölskyldusviðs

sem reyna eftir fremsta megni að halda rétt á spilunum og sjá til þess að ekki verði vegið hart að skólaþjónustinni. Yfirlýsing ykkar í upphafi fellur nú um sig sjálfa þar sem þið hafið tekið ákvörðun um að ein af sparnaðaraðgerðunum skerði þjónustu við börn á Stokkseyri og Eyrbakka. Sparnaðaraðgerð sem vegur að heilsu barna sem nú þegar standa höllum fæti þegar kemur að jöfnum réttindum innan sveitarfélagsins. Í því samhengi langar mig að spyrja: kemur til greina að þið endurskoðið ákvörðun ykkar og haldið sundlauginni opinni yfir vetrartímann?

Það er einlæg von mín að þið sjáið ykkur fært um að svara bréfi mínu og að við samsetningu svara ykkar munuð þið átta ykkur á alvarleika málsins og endurskoða ákvörðun ykkar um að loka sundlauginni á Stokks-eyri. Ykkur var falið það hlutverk að stýra Árborgar-skútunni í gegnum ólgusjó og sýndu niðurstöður kosninga að farþegar skútunnar bera traust til ykkar. Ekki bregðast því. *Árborg okkar allra* er flott slagorð, en ekki gleyma þeim sem hafa minnst pláss í skútunni.

*Með virðingu og vinsemd,
Tinna Björg Kristinsdóttir,
íbúi í Árborg*

HEIMILI HANDA HÁLFRI MILLJÓN

Öflugur húsnæðismarkaður fyrir þjóð í vexti

Taktu þátt í Húsnæðisþingi miðvikudaginn 30. ágúst á Hilton Reykjavík Nordica eða fylgstu með í beinu streymi á [hms.is](#).

Nánari upplýsingar og skráning á [husnaedisthing.is](#).



Húsnæðis- og mannvirkjastofnun



Stjórnarráð Íslands
Innvirðisráðgjafar



Eflum heilsugæsluna í Laugarási

Mikil umræða hefur átt sér stað um málefni Heilsugæslunnar í Laugarási að undanförmu, sem kemur ekki á óvart enda málefnið alvarlegt svo vægt sé til orða tekið. Læknir hefur haft aðsetur í Laugarási frá árinu 1922 eða í rúmlega hundrað ár. Sveitarfélögin í Uppsveitum keyptu þá jörðina fyrir lækni sem þar skyldi vera staðsettur og sinna íbúum þessara sveitarfélaga. Síðan þá hefur læknir verið starfandi í Laugarási. Mikil sátt hefur verið um starfsemina alla tíð enda hafa ætíð starfað hæfir læknar við heilsugæsluna í Laugarási sem sinnt hafa íbúum svæðisins af mikilli fagmennsku og alúð.

Nú ber svo við að Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) hefur sagt upp bakvöktum lækna í Laugarási og tekur sú ákvörðun gildi frá og með 1. september nk. Læknar hafa verið á bakvakt eftir að dagvinnutíma lýkur til að sinna mjög alvarlegum slysum og veikindum þar sem hver mínúta skiptir máli og getur haft áhrif á líf eða dauða. Ef ákvörðun stjórnenda HSU stendur óbreytt verður enginn læknir á bakvakt í Laugarási frá og með 1. september. Viðbragð frá Selfossi á að sinna þessum forgangsútköllum í Uppsveitum. Það gefur auga leið að viðbragðið mun í flestum tilfellum lengjast með þeirri hættu sem það hefur í för með sér.

Íbúar í Uppsveitum eru um 3.500 og fjölgar þeim ört. Þá eru um 6.000 sumarhús á svæðinu. Ef miðað er við að það séu að meðaltali fjórir í hverju sumarhúsi yfir sumarið þá dvelja um 24.000 manns í sumarhúsum á svæðinu. Ekki má gleyma vinsælustu og fjölsóttustu ferðamannastöðum landsins. Um 80% ferðamanna sem koma til landsins heimsækja Gullfoss, Geysi og Þingvelli auk annarra vinsælla áfangastaða. Ljóst er því að gríðarlegur fjöldi fólks er á svæðinu á hverjum tíma. Það er ekki nóg að miða eingöngu við íbúafjölda þegar þjónusta og umfang hennar er ákveðið. Ráðamenn hafa síðustu ár verið hvattir til að efla heilsugæsluna í Uppsveitum. Vel hefur verið tekið í þær hugmyndir en nú er reyndin allt

Helgi Kjartansson

Oddviti Bláskóga-
byggðar



önnur, dregið er úr þjónustunni.

Það skýtur skökku við að segja upp bakvöktum lækna í Laugarási í hagræðingarskyni, starfsemina ætti frekar að efla og styrkja. Má í því sambandi nefna sjúkrabíl sem staðsettur væri í Uppsveitum með sérmenntuðu og hæfu fólki. Að spara einhverjar fjárhæðir með uppsögn á bakvöktum eru engir fjármunir í samanburði við eitt mannlíf sem ekki tekst að bjarga vegna þess að hjálpin barst ekki í tæka tíð. Þá er mikilvægt að lögregla sé með fasta viðveru á svæðinu alla daga ársins. Efla þarf viðbragð í Uppsveitum, ekki draga úr því!

Þeir læknar sem starfað hafa í Laugarási síðustu ár hafa sagt upp sínum störfum í kjölfar þess að bakvöktunum var sagt upp. Forsendubreyting hefur orðið hjá þeim miðað við það sem þeir réðu sig til á sínum tíma, og er skiljanlegt að menn bregðist við því. Nú veit ég ekki hvernig gengur að ráða nýja lækna í Laugarás en reynslan víðsvegar um landið segir að slíkt geti verið þrautin þyngri.

HSU hefur ekki tilkynnt íbúum á svæðinu um þessa þjónustuskreðingu. Það eykur óöryggið sem ákvörðunin hefur í för með sér. Sveitarstjórnun var heldur ekki tilkynnt þessi ákvörðun heldur barst hún okkur til eyrna og var svo staðfest af stjórnendum HSU þegar um það var spurt.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur mótmælt þessari ákvörðun stjórnenda HSU og hvatt til þess að ákvörðunin verði endurskoðuð. Það er alltaf hægt að gera mistök, þau eru til að læra af og ég vonast til að stjórnendur HSU bregðist við og endurskoði ákvörðunina.

Ég vil bjóða stjórnendum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á íbúafund í Aratungu til að fara yfir málið og svara fyrirspurnum íbúa um málefni heilsugæslunnar í Laugarási.

Þjóðstjórn í Árborg?

Ég hitti kunningja minn um daginn úr höfuðborginni sem er nú ekki í frásögu færandi nema viðkomandi spurði mig «Er komin þjóðstjórn í Árborg? Það heyrir ekkert frá minnihlutunum». Svör mín voru á þá leið að svo væri nú ekki en við stæðum frammi fyrir risavöxnu verkefni, að koma fjárhagnum í lag og allir leggðust á áramar svo við enduðum ekki í skúffu hjá Eftirlitsnefnd sveitarfélaga. Það er ekki þar með sagt að við séum sammála öllum aðgerðum sem ráðist hefur verið í og þeim sem fyrirhugaðar eru. En að gaspra á torgum úti um útfærslur þegar við erum í þessu verkefni saman, hlustað er á okkur þó ekki sé alltaf tekið tillit til þess sem við leggjum til eða höfum að segja -þá verður að segjast að heilt yfir er samstarf gott og við erum öll heilshugar um að rétta af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Það sem ég get helst gagnrýnt er eftirfarandi:

Við hefðum átt að byrja fyrr

Fjárhagsáætlanagerðin í fyrra var ekki nógu vönduð að þessu leyti, byggð á óraunhæfum forsendum um verðbólgu og ekki unnið að hagræðingarverkefnum af nægum krafti. Sú vinna hófst ekki að ráði fyrr en í janúar á þessu ári og það var of seint að mínu mati. Eftir kosningar var farið í sumarfrí og of litlu púðri

ásamt ónægum tíma gerði það að verkum að áætlunin var gjör-samlega óraunhæf að mínu mati.

Vönduð vinnubrögð

Vinnubrögðin mættu vera vandadri á köflum. Það er enn verið að koma með mál á síðustu stundu sem liggur svo á að bæjarfulltrúar hafa varla ráðrúm til að kynna sér málin nógu ítarlega til að taka upplýstar ákvarðanir.

Breytingastjórnun

Við erum að eyða ómældum upphæðum í ráðgjöf frá KPMG vegna fjárhagsmála, það var keypt ráðgjöf í mannauðsmálum vegna uppsagna en ég lagði áherslu á að við fengjum aðstoð í breytingastjórnun. Þetta voru og eru miklar breytingar og það er mikil list að koma miklum breytingum í gegn þannig að ekki verði uppnám. Breytingastjórnun er fag og fólk hefur komið að máli við mig um að klaufalega hafi verið staðið að sumum uppsögnum og breytingum. Við höfum ekki efni á málssóknum eða lögfræðilegum deilum um einstakar aðgerðir. Hvað þá illu umtali. Þetta var ekki hlustað á.

Útivistun á pólitískri ábyrgð

Mikið af hagræðingu var alfarið sett í hendurnar á stjórnendum. Þetta er gamaldags aðferð við hagræðingu að tvennu leyti. Í fyrsta lagi að setja á ákveðna

Álfheiður Eymarsdóttir

Bæjarfulltrúi Á-lista
Áfram Árborgar



hagræðingarkröfu án leiðbeininga. Nútímastjórnun felst í því að til að hagræða þurfi að endurskipuleggja starfsemi frekar en flata niðurskurðarkröfu á öll sviðin. Í öðru lagi að láta stjórnendur taka á sig ábyrgð af hagræðingu sem svo sannarlega er pólitísk. Það er sjálfsagt að leita til stjórnenda um hugmyndir því þeir þekkja sína starfsemi best. En ábyrgðin er alltaf okkar.

Árangursríkt samstarf

Ég ætla ekki að fjalla um einstakar breytingar því þessi grein er almenn gagnrýni á vinnubrögðin og það sem ég hefði viljað sjá betur unnið. En við vinnum öll hörðum höndum að því að þetta sveitarfélag í miklum vaxtaverkjum, nái að koma sér réttu megin við strikið. Við snúum við hverjum steini og vílum það ekkert fyrir okkur. Til þess erum við kjörin. En við erum farin að sjá til lands og framtíð sveitarfélagsins er björt þrátt fyrir sársaukafullar aðgerðir núna. Vonir standa til að einhverjar þeirra séu einungis tímabundnar og hægt verði að draga þær til baka sem fyrst.

Þrjú útköll í Reykjadal á tveimur dögum

Á mánudag voru björgunar-sveitir kallaðar út vegna slasaðs ferðamanns í Reykjadal inn af Hveragerði. Þetta var þriðja útkallið á tveimur dögum inn í Reykjadal.

Á sunnudag voru björgunar-sveitir kallaðar út tvisvar, í fyrra skiptið vegna ferðamanns sem hafði dottið og hlotið við fallið opið beinbrot. Björgunarsveitir frá Hveragerði, Eyrarbakka og Árborg fóru á staðinn og fluttu þann slasaða niður úr dalnum til móts við sjúkrabíl.

Stuttu seinna var tilkynnt um unga konu sem datt illa og gat ekki stigið í fótinn í kjölfarið. Læknir sem kom að því óhappi mat það svo að ekki væri um beinbrot að ræða en líklega slæma tognun. Björgunarsveitir höfðu ekki gengið frá búnaði sínum eftir fyrra útkallið, og héldu af stað. Hins vegar var sjúkrabíllinn enn að flytja þann



sem hlaut opna beinbrotið, svo kalla þurfti til annan sjúkrabíl frá Selfossi. Rétt um klukkustund eftir að sá beinbrotni var fluttur frá Reykjadal, var lagt af stað með konuna.

Á mánudag var svo þriðja útkallið á sama stað, þegar til-

kynnt var um konu sem féll illa og treysti sér ekki til að standa upp. Hún sagðist hafa heyrt smell við fallið og gat ekki haldið áfram. Björgunarsveitar-fólk hélt á 6hjólí upp dalinn og flutti konuna niður til móts við sjúkrabíl.

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT • LJÓSMYNDIR • RÚLLUSTANDAR • RISAPLÖSTUN

prentmet 
heildarlausnir í prentun

Sími 482 1944 - selfosso@prentmetoddi.is



Styttist í síðustu Gleðistund sumarsins að Kvoslæk

Nú styttist í síðustu Gleðistund sumarsins hjá þeim Rut og Birni að Kvoslæk.

Að venju eru síðustu tónleikar sumarsins tónleikar Rutar, þar sem hún fær vini sína til að koma og spila með sér.

Tónleikarnir verða sunnudaginn 27. ágúst kl. 15.00.

Með Rut spila Geirþrúður Ása, fiðluleikari, Þórunn Ósk, víóluleikari, Sigurður Bjarki, sellóleikari, Richard Korn, kontrabassaleikari, Richard Simm, píanóleikari og Jóhann Már Nardeau, trompetleikari,

sem kemur til landsins til að vera með.

Þau munu leika tvö meginverk franskrar kammertónlistar: Saint-Saëns: Septet fyrir trompet og kammerhóp þar sem Jóhann er í aðalhlutverki og Píanókvintett eftir César Franck þar sem Richard Simm er í aðalhlutverki.

Tónleikarnir verða sem fyrr segir kl. 15. 00 sunnudaginn 27. ágúst og verður boðið upp á kaffi og spjall við tónlistarfólkið eftir tónleika.



Ungir og upprennandi listamenn í Hveragerði

Í aðdraganda Blómstrandi Ídaga fór fram graffítí námskeið Listasafns Árnesinga í samstarfi við Hveragerðisbæ og leiðbeinandi námskeiðsins

var Össi (Örn Tönsberg). Össi aðstoðaði unga fólkið við að setja upp veggverkið á móti lystigarðinum í Hveragerði og er verkið virkilega skemmtilegt

og vel heppnað. Meðfylgjandi myndir sýna þetta flotta veggverk ásamt listamönnum sem það sköpuðu í sameiningu.



Vilt þú vinna á líflegum vinnustað í Hveragerði?

Við leitum að kraftmiklum liðsfélögum til starfa á N1, Ísey Skyr Bar og Djúsí í Hveragerði. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Rík þjónustulund
- Jákvæðni og góð samskiptafærni

Fríðindi í starfi:

- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
- Aðgangur að Velferðarþjónustu N1
- Styrkur til heilsuefingar

Umsóknir óskast fylltar út á [N1.is](https://n1.is) undir Laus störf. Nánari upplýsingar veitir Björn Þórarinn Birgisson stöðvarstjóri, bjornb@n1.is.

440 1000 n1.is

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttningar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

TIL LEIGU

Íbúð til leigu á Selfossi

73 fm íbúð í lyftublokk á góðum
stað á Selfossi er laus til lang-
tímaleigu. Eitt svefnherbergi og
annað lítið sem er ætlað sem
geymsla. Gæludýr ekki leyfð.
Uppl.í síma 618 1511.

HEILSA



Kvíða ■ Meðvirkni
Þreytu og eða orkuleysi
Brotin sjálfsmýnd
Glímur við erfiðleika
fortíðar
Streita ■ Vefjagigt
Óútskýrðir verkir
Króniskir verkir

Ég hef unnið og starfað
með andleg og líkamleg
áföll í áratugi.

Nánari upplýsingar
í síma 835 8555
Svandís Birkisdóttir

KIRKJA

Strandarkirkja

Guðsþjónusta kl. 14:00. Félagar
í Kór Þorlákskirkju leiða almenn-
an safnaðarsöng undir stjórn
Esterar Ólafsdóttur, organista.
Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir
þjónar. Verum öll velkomin.

Skálholtsdómkirkja

Messa með útskýringum fyrir
fermingarborn og aðstandendur
sunnudaginn 27. ágúst kl. 11:00.
Jóhanna Magnúsdóttir prédikar
og þjónar fyrir altari. Organisti er
Jón Bjarnason.

Sólheimakirkja

Gleðimessa í Sólheimakirkju
sunnudag 27. ágúst kl. 14:00.
Jóhanna Magnúsdóttir þjónar.
Organisti er Ester Ólafsdóttir.
Lesarar frá Sólheimum.

Selfosskirkja

Kvöldmessa í Selfosskirkju 27.
ágúst kl. 20. Verið öll hjartanlega
velkomin til góðrar kvöldstundar
í Selfosskirkju næstkomandi
sunnudagskvöld. Sr. Gunnar
Jóhannesson þjónar fyrir altari.
Edit Molnár leikur á orgelið undir
söng kirkjukórsins.

Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



HEILSA

Með Dáleiðslu má vinna að
úrbotum ýmiskonar
vandamála, líkamlegra sem
andlegra. Það má líka fara
aftur í tímann og sjá löngu
liðna atburði, hætta
reykingum og margt annað.

- Ég er líka með
augnlestur en með honum
má sjá ástand viðkomandi,
líkamlegt og andlegt. Þessu
fylgja ráð um hvernig breita
má hlutum til betri vegar.

- Er einnig með Nudd og
svæðanudd -

Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501

Pípari óskast

Pípulagnir Suðurlands ehf. á Selfossi óska eftir
að ráða pípara, vélvirkja eða aðila vanan
pípulagningavinnu.

Menntun og hæfniskröfur

- Sveinspróf í pípulögnum og/eða
starfsreynsla í faginu.

Nánari upplýsingar gefur Ívar Grétarsson
í síma 823 6656 eða á ivar@psud.is.



Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Skáli í eigu Orkuveitur Reykjavíkur sem
stendur í Grímsnes- og Grafningshreppi
er seldur til flutnings, nánari upplýsingar
á vefslóðinni
bilauppbod.is/auction/view/45579-skali.
Uppboði lýkur 30. ágúst nk.

„Ekki verið að skerða
heilbrigðisþjónustu í
Uppsveitum“

Díana Óskarsdóttir, forstjóri
HSU sendi fyrir í vikunni
frá sér yfirlýsingu í ljósi umræð-
unnar í samfélaginu, varðandi
læknamönnun á heilsugæslu
HSU í Laugarási, þar sem árétt-
að er að ekki væri verið verið að
skerða heilbrigðisþjónustuna í
Uppsveitum Suðurlands.

„Heilbrigðisstofnun Suður-
lands starfrækir tíu heilsugæslu-
stöðvar á Suðurlandi. Heilbrigðis-
þjónusta er í stöðugri endur-
skoðun og mikilvægt er að horfa
til framtíðar og leggja mat á
hvernig best er að þróa og bæta
starfsemi heilsugæslu á hverjum
stað fyrir sig. Í heilsugæslustöð
HSU í Uppsveitum Suðurlands
sem í dag er staðsett í Laugarási
er verið að endurskoða starfsemi
stöðvarinnar með það fyrir aug-
um að bæta heilbrigðisþjónustu
á svæðinu með aukinni dagþjón-
ustu,“ segir Díana.

Þá segir hún að í þeirri skipu-
lagsbreytingu sé m.a. unnið
að því að fjölga lækna tímum



Díana Óskarsdóttir.

og bæta við samdægurstímum
fyrir skjólstæðinga sem þurfa á
slíku að halda. „Markmiðið með
þessum breytingum er að heil-
brigðisþjónustan fái tækifæri
til að eflast og dafna í vaxandi
samfélagi sem Uppsveitirnar
svo sannarlega eru. Bráðavið-
bragði er sinnt af sjúkraflutning-
um HSU allan sólarhringinn og
læknir er á bakvakt á svæðinu
fyrir alvarleg bráðatilfelli utan
dagvinnutíma. Nú sem endraner
leggjum við hjá HSU áherslu á
að tryggja góða og örugga þjón-
ustu,“ segir Díana að lokum.

Ljón Norðursins - Athafnamaðurinn með barnshjartað



Árni Evert Leósson, ásamt syni sínum, Leó Árnasyni, tekur við síðasta verki langafa síns, Leós Árnasonar (Ljóns norðursins) Tvisvar verður gamall maður barn, úr höndum Guðna Ágústssonar. Árni fæddist í janúar árið 1995 og Leó fell frá í febrúar sama ár. Ljósmynd: Dagskráin/HGL.

Einn frægasti maður Selfoss fyrr á árum var Leó Árnason, Ljón Norðursins. Leó var fæddur á Mánavík nyrst á Skaga. Hann var afi Leós Árnasonar sem margir kalla nú Ljón Suðursins. Gamli Leó var einn mesti athafnamaður Íslands á tímabili og talinn einn auðugasti maður landsins, bæði brjáláður, hlaðinn fidónskrafti. Sem dæmi þegar krafturinn var mestur ók hann á kádíljak en það gerðu bara auðugir menn.

Í þjóðviljanum var viðtal við kappann 1987, sem hófst á þessari mannlýsingu. „Það stafar af honum ljóma þar sem hann situr við borð sitt í Gyllta Salnum á Hótel Borg, grásprengt hárið sem gengur í bylgjum upp af hvelldu enninu, loðnar

augabrýr sem geyma leiftrandi augu, er lýsa undarlegu samblandi af stráksskap og stórmennsku, alhvítt skeggið sem undirstrikar dökkt yfirbragð og gráteinóttur jakki, sem liggur laus á báðum öxlum. Og gefur til kynna ásamt með vindlinum á milli fagurmótaðra fingra og flúruðum stafnum við stólbrikina að hér situr höfðingi í stafni.“ „Ég er vökumaður og sjáandi,“ segir hann. „Einfarinn með stafinn í eyðimörkinni.“ Í viðtalinu lýsir Leó mögnuðu uppeldi sínu og lífshlaupi sem átti sér engan líka. Leó segir í viðtalinu: „Ég fór í Hólaskóla og þótti strax öðruvísi en fólk er flest. Ég var hringjari í skólanum og komst áfram á kröftunum. Það stóðust fáir mér snúning í slags-

málum, og það þótti fyrir mestu á þeim árum.“ Leó gerði út og smíðaði trillu í Grindavík og varð ráðsmaður hjá Ólafi Ísleifssyni lækni í Þjórsártúni og fór síðan í Laugarvatnsskólann. Loks náði hann sér í réttindi sem trésmiður og smíðaði 300 íbúðir, gaf 6 þeirra fátækum. Rak þrjónastofu í Hveragerði með 50 manns í vinnu. Síðar íssjoppu fyrir Pálma Jónsson í Hagkaupum og Steingrím Hermannsson síðar forsætisráðherra sem hét Ísborg og var undanfari EMMESSÍS. Hann stofnaði verkalyðsfélagið Óðinn sem ungur Sjálfstæðismaður og rak fræga söltunar og fiskvinnslu á Selfossi þar sem 40-60 manns störfuðu. Hann hannaði og smíðaði allar innréttingar í Selfossbíó forðum og margir muna vel. Nú verður Selfossbíó byggt á ný með sínum gömlu innréttingum.

Nú skulum við snúa okkur að því þegar listamaðurinn var aftur kominn heim á Selfoss og gekk hér sem öldungur um göt-urnar. Kominn sárfættur úr reyðimörkinni og vakti athygli fyrir glæsileika. Okkar fundum bar fyrst saman í Gjánni sem var bar í kjallara Kaupfélagshússins eða ráðhúsi Árborgar í dag. Þar hittust Selfyssingar á þeim tíma síðar í Inghól og nú í hinum nýja miðbæ.

Ég heillaðist af þessum leiftrandi manni. En síðustu samskipti okkar voru eftirfarandi. Það er í janúar 1995 kosningar til Alþingis framundan um vorið.


Leó er kominn á Sjúkrahús Suðurlands. Hafsteinn Þorvaldsson hefur búið honum góða aðstöðu á Sjúkrahúsinu. Leó situr löngum stundum á stigapalli með trönur sínar, þar malar hann og hefur leyfi til að reykja. Oft þegar hallarekstur angaði sjúkrahúsið sagði hann við Hafstein „ekkert vandamál ég mála mynd og hallinn hverfur eins og dög fyrir sólu.“

Nú bar svo við að hann kallar til mín komdu hérna Guðni minn mér þykir alltaf vænt um Brúnastaðafólkið og nú ætla ég að kjósa þig í vor. En ég er að klára mynd sem ég ætla að færa þér til heilla. Sestu nú niður og skrifaðu ljóðið, svo flutti hann ljóð beint af munni fram, ég skrifaði og enn má sjá sigarettublandað munnvatnið sem rigndi yfir mig og á hvítt blaðið. Nú færi ég Árna Leóssyni málverkið að gjöf en hann fæddist um það leytti og við langafi hans hittumst. Ljóðið sem ég skrifaði hljóðar svo og fylgir myndinni.

Þú foss sem þér leikur á gljúfruðu fangi ert frjáls í því landi sem þér lífið bjó. Þú ert að þylja mér sögur og tala við börnin

sem hlupu um rindabörðin og mó, í saklausri gleði og frjáls eins og fuglar. Þau þustu á prikum og höfðu sem hest allt var í einu greipt í þann unað sem maður og moldin una við best.

Guðni Ágústsson



Horísinn sló bérnaisesósu- og rauðlauksísunum við

Samkvæmt hefðinni var Ísdagur Kjörís Shaldinn hátíðlegur á Blómstrandi dögum í Hveragerði um liðna helgi. Á ísdeginum gefst gestum tækifæri á að smakka ýmsar tegundir af ís sem rata ekki í verslanir. Blaðamaður Dagskrárinnar var á svæðinu og tók það á sig að smakka allar þær gerðir sem í boði voru. Sumir ísarnir komu mjög skemmtilega á óvart og má þá meðal annars nefna Horísinn. Ekkert hor var notað við gerð íssins, heldur grænn vanilluís með sykurlúðum og karmellusósu sem líktist þessum ógirnilega líkamsvessa óumdeilanlega en bragðið bætti það upp. Þær gerðir sem blaðamaði þóttu sístar voru bérnaise-sósu- og rauðlauksísarnir. Aðrir ísar sem komu skemmtilega á óvart voru Barbísinn, afmæliskökuisinn og síðast en ekki síst súkklaði og beikonisinn.

Barna- og fjölskylduskemmtun var á hátíðarsviði Kjöríss en þar stjórnaði áhrifavaldurinn og fjölmiðlakonan Eva Ruza dagskránni af stakri snild.

Blaðamaður Dagskrárinnar bíður spenntur eftir næsta ísdegi og er nú þegar byrjaður að telja niður dagana!

BRV



Gleði í loftinu á Töðugjöldum

Töðugjöld fóru fram í bliðskaparveðri um liðna helgi. Það var gríðarleg gleði í loftinu og naut fólk sín vel í veðurbliðunni. Töðugjöld hófust á

fimmtudagskvöld með tónleikum Radda úr Rangárþingi á Stracta Hótel Hellu sem tókust gríðarlega vel, á föstudagskvöldi fór fram Þorpararólt um

bláa hverfið þar sem var engu líkara en við værum stödd á Menningarnótt og á laugardegnum var svo fjölbreytt dagskrá frá morgni til kvölds.



Myndir: Ólafur Ingi Ólafsson

Starfsíþróttakeppni HSK á Töðugjöldunum

Á Töðugjöldum fór fram starfsíþróttakeppni HSK en að þessu sinni var keppt í þremur greinum. Kökuskreytingum, fuglagreiningu og stafsetningu.

Kökuskreytingakeppni

1. sæti - Hafðís Laufey Ómarsdóttir
2. sæti - Lea Mábil Andradóttir

og Eldey Eva Engilbertsdóttir 3. sæti - Sesar Ólaf Stefánsson

Fuglagreining

1. sæti - Eiríkur Vilhelm Sigurðarson og Vilhelm Bjartur Eiríksson
- 2.-3. sæti - Sævar Jónsson og Jón M. Ívarsson
4. sæti - Kolbrún Júlíusdóttir

Stafsetningakeppni 16 ára og eldri

1. sæti - Svanborg Jónsdóttir
2. sæti - Sigríður Arndís Þórðardóttir
3. sæti - Jón M. Ívarsson

Stafsetningakeppni 16 ára og yngri

1. sæti - Sæmundur Jónsson



Feðgarnir Eiríkur og Vilhelm sigrðu fuglagreiningu.



Sigurvegarnir í stafsetningu Sæmundur Jónsson og Svanborg Jónsdóttir (Amma Sæmundar)



Hafðís Laufey vann kökuskreytingakeppni HSK.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþjófgerðir - Almennar raflagnir

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is